

# Hveragerði – Gatnagerð Vorsabæ

Verktaki: Aðalleið ehf

## Verkfundur. 13

Verkfundur vegna gatnagerðar verksins „Útboð Vorsabær” sbr. útboðsgögn gerð af Eflu Suðurlandi dagsett mars 2018, var haldinn á skrifstofu Hveragerðisbæjar föstudaginn 22. feb 2019, kl. 10:00. Verkið felur í sér gatnagerð í Vorsabæ, þ.e. gröft á óburðarhæfu efni, útlagningu neðra burðarlags, gerð fráveitu og vatnsveitu og aðrar veitulagnir samanber útboðsgögn.

Boðaðir voru:

Hveragerðisbær:	Jón Friðrik Matthíasson (JFM)	861-4052
Aðalleið ehf:	Jóhann Ísleifsson (JÍ)	693-3110
	Baldur Sigurðsson (BS)	899-4135
Efla:	Bárður Árnason (BÁ)	665-6908
Veitur ehf:	Sigurbjörn Orri (SOU)	617-6644 mætti ekki
	Sigurborg Rútsdóttir (SR)	516-6000
Rarik.	Sigurður Pétursson (SP)	664-0047 mætti ekki
Gagnaveitan.	Ásbjörn Elías Torfason (ÁET)	617-7818
Míla:	Guðjón Sigurðsson (GS)	845-4221 mætti ekki
Verkís:	Jón Sæmundsson (JS)	862-1919 mætti ekki
Verkís:	Helgi Bárðarson (HB)	661-0331

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

### 1. Verksamningur.

Verksamningur var undirritaður 09. maí 2018 Aðalleið ehf., átti hagstæðasta tilboð í verkið kr. 88.807.150,- sbr. tilboð dags. 11. apríl 2018.

### 2. Framkvæmdatrygging.

Verktaki hefur lagt fram verktryggingu í samræmi við ákvæði verksamnings, frá Vátryggingarfélagi Íslands að upphæð kr. 8.880.715,- (10% af verksamningi).

### 3. Hönnunargögn.

Verktaki er með öll hönnunargögn á stafrænu formi. Verktaki hefur auk þess fengið afhentar teikningar í fullri stærð og eitt eintak af útboðs- og verklýsingu.

### 4. Eftirlitsmaður og fulltrúi verkkaupa.

Jón Friðrik byggingarfulltrúi sér um daglegt verkeftirlit með framkvæmd. Engar athugasemdir voru gerðar við þá tilhögun.

V9 Verkís tekur við eftirliti frá og með þessum fundi.

### 5. Verkáætlun.

Verktaki hefur lagt fram verkáætlun og áætlar að ljúka verkinu. 15.september, sbr. ákvæði í verksamningi.

JÍ  
XB  
SR  
BÁ

V6. Bætt var við verkið austasta hluta götunar og magnaukningar hafa orðið á jarðvinnu. Aukning á tengingum sunnan við götuna er í skoðun. Verktaki leggur til nýja verkáætlun á næsta verkfundi, A fyrir heildar verkið og B fyrir tengingu á hita og rafmagni fyrir fyrsta húsið í hverfinu.

V9. Verktaki kemur með nýja verkáætlun fyrir næsta fund. Staðfest hefur verið við verktaka aukaverk vegna viðbótar lóða sunnan við veg.

V10: verktaki afhendir nýja verkáætlun og áætlað að klára verkið fyrir lok 13 viku. 2019

V13: Ekki liggur ennþá fyrir hvenær tenging undir þjóðveg verður klár. Ætti að skýrast fyrir næsta fund.

## 6. Mannskapur og tæki.

Mannskapur: Verktaki reiknar með að vinna verkið með tvær tvær beltavélar önnur 35 tonna með glussafleyg og hin 22 tonna, tveim vörubílum og þrem starfsmönnum. Þrír menn að störfum í verki. V6: Jarðýta, hjólagrafa 14.tonn og valtari

V10: Verktaki bætir í mannskap og verða framvegis 4-5 menn á staðnum.

V11: Vegna veðurs eru tveir til þrír menn á staðnum

## Efni.

Malarefni: Efni í fyllingar úr námu í Lambafelli..

Malbik:

Kantsteinn:

03. fyrsta röraefni kemur í dag 18.júlí

04: Jóhann óskar eftir efni í hitaveitu frá suðurlandsvegi að skólþstöð, Sigurborg magntekur og Jóhann sækir.

05: Efnið er komið á verkstað

V6: Verktaki óskar eftir að fá restina af hitaveituefninu.

V9: Vantar viðbótarefni frá Mílu og Gagnaveitu vegna viðbótar lóða

V10: Verktaki á eftir að sækja efni hjá Gagnaveitu

V11: Verktaki hefur sérpantað 200/200/200 greinar og hné í frárennsli (ekki til standard)

V12: Viðbótar efni vegna síðustu breytinga á teikningum komið á verkstað frá Gagnaveitu

V12: Sérsmíða þurfti greinar á skólplögnina 200/200/200, heimtaugar 9,11,13 og 15 sem voru ekki til staðlað. Verktaki tekur saman hvað þurfti að sérsmíða og eftirlitsmaður metur hvort réttmætt sé að greiða aukalega.

## 7. Aðstaða.

Aðstaða verktaka er við Austurmörk 9. Hveragerði.

03: Gert var lítið plan undir lagnir við brunahana við afleggjara af skólþstöð.

## 8. Tippur.

Er í Hvammi.

## 9. Verkstaða.

01: Verkið er hafið búið að grafa uppúr götukassa að mestu. Og keyra u.þ.b. 1000m<sup>3</sup> af grús í götukassa.

02: Búið að fleyga ca 65metra í lagnaskurði og búið að keyra í burtu ca helming af uppgreftri, er verið að jarðvegsskipta botnlanga.

03: Búið að taka uppúr öllum götukassanum og keyra u.þ.b. 3000 rúmmetra í götuna,  
04: Búið að leggja fráveitu og brunna að mestu, eftir að leggja austasta hlutann af fráveitu, eftir að leggja niðurföll, og fyllingar klárast í þessari viku.

05: Verið að klára að leggja síðasta brunnabilið austast á svæðinu, verktaki er að byrja að leggja fyrsta hluta af hitaveitu frá suðurlandsvegi að skólptöð

V6: Búið að leggja fráveitulagnir bæði skólp og regnvatn í götustæði, fyllingar komnar að mestu í götustæði, og í botnlanga að húsi nr. 5 og 7. Eftir að leggja fráveitu í botnlanga.

V7: Búið að gera kláran beddan fyrir veitur ca 70% og verið að vinna við að fleyga í innkeyrslum, allt hitaveitu efni komið verður byrjað að leggja hitaveitu í vikunni. Töluverð fleygun var í lagnastæði. Rætt um hæð á hitaveitulögn þarsem hún þverar regnvatnslögn við brunna 05 og 06, Verktaki hæðarmælir og kemur mælingum til veitna.

V8. Búið að sjóða hitaveitu saman frá stöð 40 uppí 420, eftir að ganga frá samskeytum á lögn sem verður gert í dag á vegum Veitna, eftir að klára fráveitu frá húsi nr. 5, er á loka metrum. Verið að vinna í fráveitulögn frá regnvatnsbrunni nr. 5 og úti mýri.

V9. Hitaveita, eftir að leggja hitaveitu frá vegi að hreinsistöð og frá götu og inn botnlanga að húsi nr. 5. Ákveðið að hliðra heimæð að lóðum 9 og 11 útfyrir innkeyrslu vegna lítills hæðarmunar. (stöð 165) Gera þarf ráðstafanir vegna lítillar hæðar á heimæð við stöð 200, Orri kemur með lausn. Verktaki óskar eftir að fá uppgefin hnit eða staðsetningu á tengipunkt fyrir hitaveitu og rafveitu. Verktaki óskar eftir nýrri teikningu frá Gagnaveitu vegna viðbótar við lóðir. Rarik er búið að draga út strengi í götu eftir að setja upp spennistöðvar, komnar hankir við væntanlega ljósastaura og heimtaugar enda.

V10. Rarik: búið að sækja um tengingu við dælubrunn, allir strengir komnir og allir tengingar að lóðum, eftir að leggja að nýrri lóð vestast á svæði, Rarik sónar inn núverandi lögn að skólptöð. Hitaveita: búið að breyta yfir-té í undir-té við lóðir 9 og 11, verið að leggja í botnlanga 3 og 5, lokar sem voru við lóðir 13 og 15 færast að þverun við lóð 17. Vatnsveita verður næst lögð í vestasta hluta götunar til að geta tekið hitaveitu og regnvatn og skólp. Verktaki óskar eftir útsetningu á tengipunkt vatnsveitu (tenging við núverandi lögn að skólptöð)

Almennt: reiknað með að allar lagnir verði lagðar að tengipunkt við göngustíg þar sem Rarik fer úr sameiginlegri lagnaleið, aðrar lagnir verða svo lagðar að brunahana. (mátulega langt frá fyrirhuguðum þjóðveg)

V11: búið að sjóða og og krumpa hitaveituna inn afleggjar að húsi 7. Búið að færa loka og sjóða stofn að þverun. Búið að lengja götu til vesturs. Búið að fleyga og jarðvegsskipta fyrir tveim þverunum. Búið að moka að tengipunkti við skólptöð. Komin tillaga að staðsetningu á rafstreng eftir göngustíg i nýju deiliskipulagi útfyrir fornminjar, ítrekað hefur verið óskað eftir aðkomu Ugga hjá Minjastofnun varðandi legur rafstrengs.

V12: Búið að grafa fyrir rafmagni að spennistöð, verið að draga í. Búið að taka þverun að gámasvæði skólp og regnvatn.

V13: Lagning vatnsveitu hefst í næstu viku og klárast í mars, rafstrengur komin frá spennistöð í kassa við Vorsabæ 7, eftir að setja upp spennistöðvar við götu. Skemmd var á hitaveitulögn við yfirté við botnlanga 9-11, sem er búið að laga af Veitu mönnum. Búið að setja niður og tengja 6 niðurföll. Verið að draga út lagnir fyrir Gagnaveitu og Mílu, verk u.þ.b hálfnað. Sérsmíða þurfti heimaæðar fyrir skólp og regnvatn inná lóðir 9-11 og 13-15. Eftirlitsmaður og verktaki semja um kostnað.

## 10. Breytingar á verkinu.

03: Ákveðið var á bæjarrásfundi 5. Júlí að stækka verkið og klára jarðvinnu við alla götuna.

04. Ákveðið var að færa til regnvatnslögn og einnig var dælubrunnur hreyfður til.

04. Breyting verður á tengingum undir suðurlandsveg og ákveðið hefur verið að þveranir verði hluti af útboði vegagerðar við færslu á Suðurlandsvegi.

05. Rætt um nýjar tengingar fyrir fyrirhugaða iðnaðarbyggð sunnan við veginn, Veitur hafa farið yfir sína hönnun og gert minniháttar breytingu á sinni hönnun. Aðrar veitur breyta sínum teikningum.

V6: Hönnun frárennslis og vatnsveitu vegna tengingar við nýjar lóðir liggur fyrir, Bárður hjá Eflu sendir magnskrá vegna viðbótar til verktaka sem skilar verði í viðbótarframkvæmd fyrir næsta föstudag.

V7: Magnskrá ekki alveg tilbúin og endanlegt verð því ekki komið í breytingar.

V8: Veitulagnir í botnlanga færðar vestur fyrir götu í autt svæði. Bent á hjá Veitum að hitastig á vatni geti verið frekar lágt í fyrsta húsinu sem verður tengt, hús nr. 5.

V9. Búið að staðfesta við verktaka að bæta eigi við lóðum sunnan við veg.

V11: Gagnaveita Reykjavíkur hefur sent uppfærða teikningu af sínum lögnum, búið að bæta viðbótarri að báðum spennistöðvunum og brunnum fjölgað í tvo.

V13: Rætt um möguleika á að færa göngustíg að vegi, JFM lætur vita í dag hvort það sé áhugi fyrir því.

## 11. Athugasemdir verktaka.

01: „Verktaki lítur svo a að verksamningur nái til allrar götuna ekki bara hluta hennar, í samræmi við útboðslýsingu“

04. Verktaki óskar eftir að Öxnalækjarvegur verði hefлаður.

V7. Senda þarf uppfærð hnit á hitaveitu á verktaka.

V9. Verktaki óskar eftir útsetningu á lengingu vegs til vesturs vegna nýrrar lóðar.

V9. Verktaki óskar eftir leiðréttingu á einingaverði í uppgröft á efni í verklið 1.1.2 þar er uppgengið 5.km akstur ekki 7,5km. Bárður og Binni komast að niðurstöðu með þetta.

V12: Verktaki telur ekki réttmætt að verkkaupi hótí dagsektum og telur verktíma eðlilegan í ljósi aukins umfangs verks og breytinga.

## 12. Athugasemdir verkkaupa.

01: Verkkaupi lítur svo á að verkmörk séu við stöð 260 samanber útboðsgöng / teikningu Eflu dags 09.03.2018 Grunnmynd og langsníð.

01: Verkkaupi vísar þessum túlkunar ágreiningi á útboðsgögnum til umsagnar hjá hönnuði.

02: Bárður Árnason gatnahönnuður stendur fast á því að útboðsmörk sýnd á uppdrætti standi, og það sé alvanalegt að skilgreina verkmörk á uppdrætti.

02: Verkkaup óskar eftir að með reikningum berist heildar yfirlit yfir stöðu einstakra greiðsluliða í tilboðsskrá með heildargreiðslustöðu samnings, í samræmi við kafla 0.5.5 í verksamningi.

02: Verkkaupi gerir athugasemd við að uppgröftur hafi verið að hluta utan við götukassa. (sjá teikningu til skýringar frá Eflu)

02: Byggingarfulltrúi/efirlitsmaður ætlar að leggja til við bæjarráð að austasta hluta götunar verði bætt við verkið og gerir minnisblað fyrir bæjarráð þess efnis.

04. Verkkaupi hefur óskað eftir skýringu á magnaukningu við verklið fylling undir og yfir lagnir, samið um að Bárður og Binni Dan skýri magnaukningu.

V8 Búið að skoða þetta og niðurstaða er að verktaki leiðréttir magn í þennan verklið í 0. við næstu reikningagerð.

V9: Hveragerðisbær óskar eftir heimtaug frá Rarik og dælubrunn.

V9: Hveragerðisbær ítrekar að Bárður og Binni klári skýringu á athugasemd í verkfundargerð nr. 04.

V12: Helgi Þorvaldsson hjá Landsneti hefur farið frammá að spennivörður verði viðstaddur þegar unnið er undir Sogslínu.

V12: Verkkaupi áskilur sér rétt til dagsekta eftir viku 13.

### 13. Næsti verkfundur.

Næsti verkfundur verður haldinn mánudaginn 11. mars. 2019. 10.00. og framvegis reiknað með verkfundi á u.þ.b. tveggja vikna fresti. Fundi slitið kl. 11:17.

Sigurborg Ríted.  
Jon D. Baldur Sig  
Alyn Björnsen  
Jonas  
B. A.